

## LÖG

um breytingu á lögum um Orkusjóð, nr. 76/2020  
(Loftslags- og orkusjóður).

## HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

## 1. gr.

- a. Í stað orðsins „Orkusjóður“ í 1. málsl. 1. gr., 2. mgr. 2. gr. og 1. málsl. 1. mgr. 8. gr. laganna kemur: Loftslags- og orkusjóður.
- b. Í stað orðsins „Orkusjóðs“ í 1. mgr. 2. gr., 1., 2. og 3. mgr. 3. gr., 1. mgr. 4. gr., 1. og 2. mgr. 5. gr., 6. gr., 7. gr., 2. málsl. 1. mgr. og 2. mgr. 8. gr. laganna kemur: Loftslags- og orkusjóðs.
- c. Í stað orðsins „Orkusjóði“ í 1. og 2. mgr. 4. gr., 1. mgr. 5. gr. og 1. málsl. 1. mgr. 8. gr. laganna kemur: Loftslags- og orkusjóði.

## 2. gr.

Fyrirsögn 1. gr. laganna orðast svo: *Loftslags- og orkusjóður*.

## 3. gr.

Við 2. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Loftslags- og orkusjóður skal enn fremur styðja við nýsköpunar- og innviðaverkefni á sviði loftslagsmála, verkefni sem stuðla að innleiðingu hringrásarhagkerfisins og verkefni sem lúta að kynningu og fræðslu um áhrif loftslagsbreytinga.

Jafnframt er hlutverk Loftslags- og orkusjóðs að sjá um beinar stuðningsaðgerðir, svo sem styrki til kaupa á rafbílum og styrki til jarðhitaleitar, eftir atvikum hverju sinni.

## 4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

- a. 1. mgr. orðast svo:  
Ráðherra skipar fimm einstaklinga í stjórn Loftslags- og orkusjóðs til fjögurra ára. Formaður skal skipaður án tilnefningar og honum til viðbótar skipar ráðherra einn fulltrúa án tilnefningar, einn fulltrúa, sem hefur þekkingu á loftslagsmálum, samkvæmt tilnefningu háskólasamfélagsins, einn fulltrúa samkvæmt tilnefningu Samtaka atvinnulífsins og einn fulltrúa samkvæmt tilnefningu umhverfisverndarsamtaka.
- b. Við 3. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Stjórninni er þó heimilt að framselja óháðum aðila faglega umsýslu sjóðsins samkvæmt samningi.

- c. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:  
Ákvarðanir sem teknar eru um að veita styrki úr Loftslags- og orkusjóði eru endanlegar á stjórnslustigi.

5. gr.

Orðin „og framlög“ í 1. mgr. 4. gr. laganna falla brott.

6. gr.

Heiti laganna verður: **Lög um Loftslags- og orkusjóð.**

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2024.

8. gr.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum:

- Lög um loftslagsmál, nr. 70/2012:*
  4. mgr. 4. gr. laganna fellur brott.
  - IX. kafli laganna ásamt fyrirsögn fellur brott.
- Lög um tekjuskatt, nr. 90/2003:* Í stað heitisins „Orkusjóði“ í ákvæði til bráðabirgða LXXVII í lögunum kemur: Loftslags- og orkusjóði.

*Gjört í Reykjavík, 28. júní 2024.*

**Bjarni Benediktsson.**

**Oddný G. Harðardóttir.**  
(L. S.)

**Benedikt Bogason.**

*Guðlaugur Þór Þórðarson.*